

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lyfjabúd í 119**  
**Stykkishólmi.** Eptir móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 18. septbr. þ. á., hefir ráðaneytið allraþegnsamlegast lagt það til að hans hátign konunginum mætti allramildilegast þóknast að veita Málfríði Möller, ekkju eptir C. O. Möller lyfsala, leyfi til að halda áfram lyfsölu í Stykkishólmi í 10 ár frá dauða manns hennar undir stjórn forstöðumanns (provisors), er landlæknir tekur gildan, með þeim kjörum. er til eru tekin í allra hæstu einkaleyfisbrjefi 17. júlí 1865, þó svo að heimild til lyfsölnunnar falli burtu. ef hún giptist aptur. Hefur hans hátign konunginum 4. þ. m. allramildiægast þóknast að fallast á þessa tillögu ráðaneytisins.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar í B. deild Stjórnartíðindanna

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungstaðfestingar á frumvarpi til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis. 120**  
 Með brjefi, dags. 15. sept. þ. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis, 14. sept. 1877, og hafði alþingi í sumar, er leið, samþykkt það. Jafnframt og þjer í tjeðu brjefi hafði gert athugasemdir við ýmsar af ákvörðunum frumvarpsins, hafði þjer látið í ljósi, að þjer hljóti að vísu að álita frumvarpið flýtisverk, sem hafi ýmsa ágalla, en að þjer fáið þó ekki sjed, að það sje með öllu ónýtandi, og með því að samkvæmt ummælum yðar er almennur áhugi meðal landsmanna á því að fá lögleidd ýms af aðalákvæðum frumvarps þessa, það er að segja um upptöku heimullegrar atkvæðagreiðslu, og um fjölgun kjörstaða, svo að mönnum sje gert greiðara fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þá þykir yður isjárvert að ráða frá því, að lagt sje til að frumvarpið hljóti staðfestingu konungs.

Ráðaneytið getur nú einnig verið algerlegu sándóma óskum þeim, sem fram eru komnar um að kosningafyrirkomulaginu verði breytt, og það í aðalatriðunum í þá átt, sem frumvarp alþingis fer fram á. Þrátt fyrir það hefir ráðaneytið þó orðið að álita, að frumvarp þetta væri ekki til þess fallið, að verða að lögum; en þetta kemur einungis af því, að eptir áliti ráðaneytisins eru ýms af fyrirmælum frumvarpsins svo löguð, að þau koma í bága við þau ákvæði um kosningarrjett og kjörgengi til alþingis, sem standa í 17. og 18. gr. stjórnarskrárinna frá 5. jan. 1874. Að vísu hefur frumvarpið heldur ekki þótt laust við galla í öðrum atriðum; en enginn þeirra er svo þýðingarmikill, að það hefði getað tálmað staðfestingu þess.

Í fyrsta lagi er það ákvæði í 1. málsgrein 5. gr. frumvarpsins, er í ýmsum tilfellum veitir manni kosningarrjett, þótt hann fullnægi ekki því skilyrði, sem 17 gr. stjórnarskrárinna setur fyrir að mega neyta kosningarrjettarins, að hafa verið heimilisfastur 1 ár í kjördæminu, og fær ráðaneytið ekki betur sjed, en að þetta komi í bága við tjeð stjórnarskrárákvæði.

Því næst verður ráðaneytið að telja það ósamþýðanlegt 18. gr. stjórnar-